

BÍÓ PARADÍS OG GRUNNSKÓLARNIR HAUSTIÐ 2024

KVIKMYNDAFRÆÐSLA Á HAUSTÖNN 2024



Í boði er kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga á þriðjudögum og fimmtudögum á haustönn 2024. Sýningar eru ýmist klukkan 10:00 eða klukkan 13:00. Yngstu og elstu hópum leikskóla er boðin þátttaka, ráði hópurinn við það að mati umsjónaraðila. Um er að ræða tvær myndir sem gætu hentað, sjá dagskrá.

Tilgangurinn með sýningunum er alhliða kvikmyndafræðsla fyrir börn og unglunga í grunnskólum til að kynna fyrir þeim kvikmyndir sem hafa alþjóðlega gæðastimpla, hafa skapað sér sess innan kvikmyndasögunnar og eru frá ýmsum þjóðlöndum. Við leggjum metnað okkar í að hafa úrvalið sem fjölbreyttast og sýnum klippur fyrir myndir til að útskýra kvikmyndatöku, tæknibrellur, vísanir í kvikmyndasöguna, greiningu á sviðsmynd og leik.

Vínátta, gervigreind, vélmenni, geimverur, íþróttir, samstaða, ástir, fjölskyldumál og uppgjör við heimsstyrjöldina síðari verður meðal þess sem við bjóðum upp á þetta haust með spennandi kvikmyndum og margar þeirra eru glænýjar. Vélmennadraumar er glæsileg og hugljúf teiknimynd sem hentar börnum jafnt sem fullorðnum og var tilnefnd til Óskarsverðlauna sem besta teiknimyndin. Við sýnum jafnframt nýja mynd frá Finnlandi um þrjár ungar stúlkur í leit að ástinni og er hugljúf þroskasaga.

Í flokki stríðsmynda bjóðum við upp á Óskarsverðlaunamyndina The Zone of Interest sem fjallar um nasistafjölskyldu sem býr sér draumaheim í bakgarði Auschwitz, en hún hentar unglungum þar sem ekkert grafískt ofbeldi er sýnt, aðeins gefið til kynna með hljóðheiminum. Við sýnum verðlaunamyndina Á flóttu sem gerist í Noregi þar sem fjögur börn flýja nasismann og sýna fádæma hugrekki og þolgæði.

Við bjóðum upp á tvær sýningar á íslensku myndinni Heimaleikurinn sem hefur sópað að sér verðlaunum og leikstjóri mun svara spurningum úr sal. Við endursýnum Capernaum sem fjallar um raunheim flóttabarna í heimi sem fáir þekkja. Í tilefni af hrekkjavökunni sýnum við Addamsfjölskylduna og kynnum uppruna þessara geysivinsælu mynda um vægast sagt furðulega fjölskyldu.

Við bjóðum öllum leikskólabörnum, þriggja ára og eldri á sýningar þetta haustið með verðlaunamyndinni Andri og Edda verða bestu vinir og Kirikou og villidýrin fyrir eldri börn leikskóla og fyrstu bekkji grunnskóla. Myndin í flokki Bíóklassík verður E.T. sem er hugljúf, spennandi og fyndin.

Að auki verður á boðstólum gamanmyndin Fantastic Mr Fox og í tilefni af því kynnum við Stop motion aðferðina. Að auki sýnum við indversku gamanmyndina Núll og Nix um óvenjulegt samband mæðgna og baráttuna fyrir að verða sér úti um menntun og eignast betra líf.

Pantið tímanlega hjá verkefnastjóra: oddnysen@gmail.com



GRUNNSKÓLASÝNINGAR HAUSTIÐ 2024

VÉLMENNADRAUMAR 3.-7. bekkur

KIRIKOU OG VILLIDÝRIN 1-4. bekkur

FANTASTIC MR FOX 5.-7. bekkur

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR 1.-4. bekkur

NÚLL OG NIX (NIL BATTEY SANNATA) 7.-10. bekkur

CAPERNAUM 9-10. bekkur

HEIMALEIKURINN 7.-10. bekkur

E.T. 5.-8. bekkur

GIRL PICTURE 7.-10. bekkur

THE ZONE OF INTEREST 8.-10. bekkur

Á FLÓTTA 6.-9. bekkur

ADDAMSFJÖLSKYLDAN 7-10. bekkur




Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



VÉLMENNADRAUMAR



TEGUND OG ÁR: *Ævintýri, teiknimynd, fjölskyldumynd, 2023*

LENGD: *102 Mínútur*

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland, Spánn*

LEIKSTJÓRI: *Pablo Berger*

AÐALHLUTVERK: *Ivan Labanda, Tito Trifol, Rafa Calvo*

TUNGUMÁL: *EKKERT TAL*

Hundur býr í New York og er einmana. Einn daginn ákveður hann að smíða sér vin, Vélmenið!

Óður til New York á níunda áratugnum, bráðfyndin kvikmynd fyrir bæði börn og fullorðna!

Myndin er án tals og var valin besta teiknimyndin á Evrópsku kvikmyndaverðlaununum 2023.

„Sem ein af óvæntustu kvikmyndum ársins, hefur Robot Dreams margt kraumandi undir yfirborðinu og býður upp á kaldhæðnislegan húnor, þetta er brjálæðsilega vel gerð teiknimynd sem snertir á djúpstæða mannlega strengi“ - International Cinophile Society

Myndin var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna 2024 sem besta teiknimyndin!

KIRIKOU OG VILLIDÝRIN



TEGUND OG ÁR: *Ævintýri, teiknimynd, 2005*

LENGD: *73 Mínútur*

FRAMLEIÐSLULAND: *Frakkland, Vietnam*

LEIKSTJÓRI: *Michel Ocelot*

AÐALHLUTVERK: *Pierre-Ndoffé Sarr, Awa Sena Sarr, Robert Liensol*

TUNGUMÁL: *Íslenskt tal*

Í Kirikou og villidýrin er fjallað áfram um viðureign Kirikou og galdranornarinnar Karöbu þar sem afa drengsins fannst vanta heilmikið í fyrri söguna um Kirikou og galdranornina. Áfram er sagt frá hugvitssemi Kirikou litla sem hefur alltaf ráð undir hverju rifi. Þegar Karaba eyðileggur uppskeruna og hungursneyð blasir við gerist Kirikou leirkerasmiður til að bjarga málunum. Hann lætur sér það ekki nægja, heldur gerist líka læknir... og margt fleira.

Myndin gerist á framandi slóðum þar sem gróður og dýralíf Austur-Afríku nýtur sín til fulls í þessari einstöku baráttu góðs og ills.

FANTASTIC MR FOX



TEGUND OG ÁR: *Ævintýramynd, 2009*

LENGD: 87 MIN

LAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: *Wes Anderson*

AÐALHLUTVERK: *George Clooney, Meryl Streep, Bill Murray.*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Myndin er byggð á skáldsögu eftir breska barnabókarhöfundinn Roald Dahl og segir frá ævintýrum refsins snjalla, Mr. Fox, eiginkonu hans Felicity og átökum þeirra við nágannana. Fantastic Mr. Fox er gerð með aðferðum stop-motion tækni.

Anderson hefur mjög sérstakan stíl sem einkennir verk hans. Föt og hárgreiðslur eru áberandi, áhersla er lögð á leikmuni og atriðin eru mjög stílfærð. Hann notar tölvuhönnuð atriði og svokölluð fuglaskot sem er ofanskot úr mikilli hæð. Öll þessi atriði verða tekin fyrir og skoðuð í þessari skemmtilegu mynd.

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR



TEGUND OG ÁR: Barnamynd, 2013

FRAMLEIÐSLULAND: Noregur

LENGD: 78 mínútur

LEIKSTJÓRI: Arne Lindtner Næss

LEIKARAR: Nora Amundsen, Hilde Louise Asbjørnsen, Janne Formoe

TUNGUMÁL: Talsett á íslensku

ALDURSHÓPUR: 3+

Þegar Andri byrjar á leikskóla kynnist hann Eddu en þau verða bestu vinir. Tuskuþýrin þeirra, ljónsunginn og fröken Kanína, verða einnig vinir og þegar annað þeirra týnist á slökkvistöðinni lenda þau Andri og Edda í ýmsum ævintýrum. Myndin var tilnefnd sem besta barnamyndin á hinum norsku Amanda verðlaunum sem og að hún var tilefnd sem besta barnamyndin á kvikmyndahátíðinni í Tallinn.

Myndin er talsett á íslensku og hentar öllum aldurshópum.

NÚLL OG NIX



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, 2016*

LENGD: *104 MIN*

LAND: *Indland*

LEIKSTJÓRI: *Ashwiny Iyer Tiwari*

ADALHLUTVERK: *Swara Bhaskar, Ria Shukla*

TUNGUMÁL: *Indverska (hindí) með íslenskum texta*

Núll og Nix fjallar um móður og dóttur sem búa við kröpp kjör. Móðirin lauk aldrei gagnfræðaskólanámi og vinnur sem húshjálp til að koma dóttur sinni í gegnum skóla.

Dóttirin er uppreisnargjarn unglingur og áttar sig ekki á gildi menntunar. Móðirin ákveður að taka ljúka gagnfræðaprófinu og lendir í sama bekk og dóttirin við litla ánægju hinnar síðarnefndu.

Hugtakið Nil Battey Sannata er slangur fyrir “einskisvirði” og myndin er sérlega hugljúf fjölskyldumynd með boðskapnum að allir hafi rétt á að dreyma að breyta lífi sínu, hvaðan sem þeir koma. Myndin hlaut þrenn verðlaun á Silk Road International-kvikmyndahátíðinni og var tilnefnd til fjölda annarra verðlauna.

CAPERNAUM



TEGUND OG ÁR: *Leikin mynd, drama, 2018*

LEIKSTJÓRI: *Nadine Labaki*

FRAMLEIÐSLULAND: *Líbanon*

LENGD: *126 mínútur*

AÐALHLUTVERK: *Zain Al Rafea, Yordanos Shiferaw, Boulewatife Treasure Bankole*

TUNGUMÁL: *Arabíska, amharíska með íslenskum texta*

Tólf ára líbanskur drengur, Zain, kærir foreldra sína fyrir vanrækslu á meðan hann tekur út 5 ára fangelsisdóm fyrir ofbeldisfullan glæp. Zain er duglegur að komast af í fátækrahverfum Beirut, en þar hittir hann konu frá Eþíópíu, Rahil, sem veitir honum skýli og mat. Zain passar son hennar, Yonas, í staðinn. En Rahil er ólögleg í landinu og á allt undir glæpamönnum sem selja fölsuð vegabréf.

Capernaum hefur hlotið einróma gagnrýni og ferðast um heiminn á allar stærstu kvikmyndahátíðir veraldar. Margir leikarar myndarinnar eru sjálfir flóttamenn eða innflytjendur, þar með talinn hinn fjórtján ára gamli Zain Al Rafea sem fer með aðalhlutverkið og hefur verið á flótta frá heimalandi sínu, Sýrlandi, síðan árið 2012.

Stórmerkilegt verk frá Líbanon sem hefur verið tilnefnd til Óskars-, BAFTA and Golden Globe verðlauna árið 2019.

HEIMALEIKURINN



TEGUND OG ÁR: Íþróttahcimildamynd, 2023

LEIKSTJÓRI: Logi Sigursveinsson, Smári Gunnarsson

FRAMLEIÐSLULAND: Ísland

LENGD: 79 mínútur

ÁDALHLUTVERK: Freydís Bjarnadóttir, Viðar Gylfason, Kári Viðarsson

TUNGUMÁL: Íslenska með enskum texta

Heimaleikurinn er gamansöm íþróttahcimildarmynd sem fjallar um tilraun Kára Viðarssonar til að klára misheppnað verkefni föður síns: Að safna í lið af misgóðum heimamönnum til að spila vígsluleik á ónotuðum fótboltavelli sem hann lét byggja á Hellissandi 25 árum áður.

Heimaleikurinn hefur unnið til verðlauna á eftirfarandi kvikmyndahátíðum:

Skjaldborg

Nordisk Panorama

BIDF - Budapest International Doc Festival

Glasgow Film Festival

Sydney Film Festival

Kicking and Screening NYC

Leikstjóri verður viðstaddur sýninguna og svarar spurningum eftir áhorf.

E.T.



TEGUND OG ÁR: *Vísindaskáldsaga, drama 1982*

LENGD: *115 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin,*

LEIKSTJÓRI: *Steven Spielberg*

ADALHLUTVERK: *Henry Thomas, Drew Barrymore, Peter Coyote*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Bíóklassík: Myndin fjallar um samskipti einmana pilts, Elliots, við vinalega geimveru, sem verður viðskila við félagu sína og ílengist á jörðinni. Elliot finnur hana og fer með hana heim til sín. Brátt kemur í ljós að E.T. er ekki aðeins greind geimvera, hún er líka góðhjörðuð og með henni og Elliot tekst sérstæð vinátta. En E.T. vill komast heim og Elliot reynir að hjálpa henni, en þau lenda í vandræðum þegar yfirvöld fréttu af því að geimvera heldur til hjá fjölskyldu Elliot.

E.T. hefur heillað ung og gömul hjörtu, enda er dýpri boðskapur í henni en ætla má við fyrstu sýn. Myndin er ádeila á fordóma gagnvart framandlegu fólki og í henni má finna kristileg tákni eins og upprisuna.

GIRL PICTURE



TEGUND OG ÁR: *Rómantík, 2022*

LENGD: *100 Mínútur*

FRAMLEIÐSLULAND: *Finnland*

LEIKSTJÓRI: *Alli Haapsalo*

AÐALHLUTVERK: *Aamu, Milanoff, Elenoora Kauhanen, Linnea Leino*

TUNGUMÁL: *Finnska og franska með íslenskum texta*

Girl Picture segir frá þremur unglingsstúlkum sem reyna að lifa af skammdegið í Finnlandi. Vinkonurnar Rönkkö og Mimmi vinna á djúsbar í verslunarmiðstöð. Dag nokkurn kynnast þær Emmu sem stundar listdans á skautum. Þegar Emma og Mimmi verða ástfangnar, breytist tilvera þeirra allra.

Myndin sló í gegn á kvikmyndahátíðinni Sundance, þar sem hún hlaut áhorfendaverðlaunin.

„Sjaldséð finnsk gleðisprengja“ – Ásgeir Ingólfsson, RÚV

THE ZONE OF INTEREST



TEGUND OG ÁR: *Drama, sannsögulegt, stríð*

LEIKSTJÓRI: *Jonathan Glazer*

FRAMLEIÐSLULAND: *Pólland, Bretland, Bandaríkin*

LENGD: *105 mínútur*

AÐALHLUTVERK: *Sandra Hüller, Christian Friedel, Freya Kreutzkam*

TUNGUMÁL: *Dýska með íslenskum texta*

Myndin gerist árið 1943 og segir frá Rudolf Höss, yfirmanni í Auschwitz, sem býr í allsnægtum í fallegu húsi ásamt eiginkonu sinni, Hedwig og fimm börnum. Garðurinn er yndi og eftirlæti Hedwig og er staðsettur við hlið útrýmingarbúðanna.

Myndin vakti mikla athygli fyrir sérstæða nálgun þar sem ekkert grafískt ofbeldi er sýnt í myndinni, en heyra má skothvelli og hljóð í lestum. The Zone of Interest var tilnefnd til fimm Óskarsverðlauna m.a. sem besta myndin og besta erlenda myndin, en hún hlaut Óskarsverðlaunin sem besta erlenda kvikmyndin 2024.

Á FLÓTTA



TEGUND OG ÁR: *Fjölskyldumynd/stríð, 2020*

LENGD: *96 MIN*

FRAMLEIÐSLULAND: *Noregur*

LEIKSTJÓRI: *Johanne Helgeland,*

LEIKARAR: *Anna Sofie Skarholt, Bo Lindquist-Ellingsen*

TUNGUMÁL: *Norska með íslenskum texta*

Myndin gerist í seinni heimsstyrjöldinni, nánar tiltekið í desember 1942 og segir frá systkinunum Gerðu (tíu ára) og Ottó (13 ára). Stríðið geisar og nasistar halda ungliðasamkomur fyrir börn.

Systkinin komast að því að tvö börn af gyðingaættum halda til í kjallaranum á heimili þeirra. Foreldrar þeirra eru í andspyrnuhreyfingunni og eru handtekin, en við tekur háskaför barnanna fjögurra yfir landamærin til Svíþjóðar.

Kvikmyndin hefur hlotið fjölda verðlauna, sem besta barnakvikmyndin í Noregi árið 2020 og áhorfendaverðlaun unga fólksins á Evrópsku kvikmyndaverðlauninum 2021 en þarsátu 3600 börn frá 38 löndum í dómnefnd.

ADDAMS FJÖLSKYLDAN



TEGUND OG ÁR: *Gamanmynd, hrollvekja, 1991*

LEIKSTJÓRI: *Barry Sonnenfeld*

FRAMLEIÐSLULAND: *Bandaríkin*

LENGD: *99 mínútur*

AÐALHLUTVERK: *Anjelica Huston, Raul Julia, Christopher Loyd*

TUNGUMÁL: *Enska með íslenskum texta*

Addamsfjölskyldan dýrkar dularfulla og yfirnáttúrulega hluti, en þau búa á draugalegu setri ásamt óvenjulegum þjónum. Fjölskyldufaðirinn, Gomez Addams, saknar bróður síns, Fester frænda, en hann hvarf fyrir 25 árum. Lögfræðingur Gomez skuldar okurlánaranum Abigail peninga og þau leggja á ráðin að nota son Abigail, sem líkist Fester, að þykjast vera hann til að ná í falinn fjársjóð sem á að vera geymdur á ættarsetri fjölskyldunnar. Tekst þeim ráðabruggið – og hvar er hinn raunverulegi Fester?

Addamsfjölskyldan var upprunalega teiknimyndasería eftir Charles Addams, sem var fyrst birt í The New Yorker frá 1938 til 1988 og átti miklum vinsældum að fagna. Fjöldinn allur af kvikmyndum, söngleikjum, sjónvarpsþáttum og tölvuleikjum hefur verið gerður um fjölskylduna.

SÝNINGAR:

FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER KL. 10:00 – KIRIKOU OG VILLIDÝRIN

FIMMTUDAGUR 19. SEPTEMBER KL. 13:00 – CAPERNAUM

ÞRIÐJUDAGUR 24. SEPTEMBER KL. 10:00 – VÉLMENNADRAUMAR

ÞRIÐJUDAGUR 24. SEPTEMBER KL. 13:00 – Á FLÓTTA

FIMMTUDAGUR 3. OKTÓBER KL. 10:00 – HEIMALEIKURINN

FIMMTUDAGUR 3. OKTÓBER KL. 13:00 – ADDAMSFJÖLSKYLDAN

ÞRIÐJUDAGUR 8. OKTÓBER KL. 10:00 – E.T. /GIRL PICTURE

ÞRIÐJUDAGUR 8. OKTÓBER KL. 13:00 – THE ZONE OF INTEREST

FIMMTUDAGUR 17. OKTÓBER KL. 10:00 – ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR

FIMMTUDAGUR 17. OKTÓBER KL. 13:00 – FANTASTIC MR FOX

ÞRIÐJUDAGUR 22. OKTÓBER KL. 10:00 – ADDAMSFJÖLSKYLDAN

ÞRIÐJUDAGUR 22. OKTÓBER KL. 13:00 – NÚLL OG NIX

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS



SÝNINGAR:

ÞRIÐJUDAGUR 5. NÓVEMBER KL. 10:00 – KIRIKOU OG VILLIDÝRIN

ÞRIÐJUDAGUR 5. NÓVEMBER KL. 13:00 -E.T.

FIMMTUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 10:00 – VÉLMENNADRAUMAR


FIMMTUDAGUR 14. NÓVEMBER KL. 13:00 – CAPERNAUM

ÞRIÐJUDAGUR 19. NÓVEMBER KL. 10:00 – HEIMALEIKURINN

ÞRIÐJUDAGUR 19 NÓVEMBER KL. 13:00 – ADDAMSFJÖLSKYLDAN

FIMMTUDAGUR 28. NÓVEMBER KL. 10:00 – Á FLÓTTA/THE ZONE OF INTEREST

FIMMTUDAGUR 28. NÓVEMBER KL. 13:00 – GIRL PICTURE



ÞRIÐJUDAGUR 3. DESEMBER KL. 10:00 – FANTASTIC MR FOX

ÞRIÐJUDAGUR 3. DESEMBER KL. 13:00 – GIRL PICTURE

ÞRIÐJUDAGUR 10. DESEMBER. KL. 10:00 – NÚLL OG NIX/ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR

ÞRIÐJUDAGUR 10. DESEMBER KL. 13:00 –E.T./VÉLMENNADRAUMAR



Pöntun þarf að vera skýr og skilmerkileg þar sem heiti myndar, dagsetning, nafn skóla og fjöldi nemenda kemur skýrt fram.

Kennarar eru hvattir til þess að nota skólasýningar kvikmynda inn í kennslu sína og flétta boðskap, efnistösk og listræna nálgun inn í þær greinar sem við á hverju sinni s.s. í samfélagsfræði, myndlist, sögu og í smiðjum ýmis konar. Stuðningsefni er sent fyrir sýningar og í sumum tilfellum í kjölfar þeirra sem auðvelt er að nýta það inn í kennsluna.

Vinsamlegast sjáið til þess að umgengni nemenda í sölum sé í lagi og tryggt sé að nemendur skilji ekki eftir leifar eða umbúðir á gólfi eða í sætum.

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: Kvikmyndafræðsla grunnskólanna í Bíó Paradís



SÝNINGARPLAN VEGNA GRUNNSKÓLASÝNINGA HAUSTIÐ 2024

1. 2. 3. 4. 5. 6. 7. 8. 9. 10.

SEPTEMBER

fim	19.9.2024	10:00 Kirikou og villidýrin	1.4.bekkur	[Red]						
fim	19.9.2024	13:00 Capernaum	9.-10.bekkur						[Red]	
þri	24.9.2024	10:00 Vélmennadraumar	3.-7.bekkur		[Red]			[Blue]		
þri	24.9.2024	13:00 Á flótta	6.-9.bekkur				[Red]			

OKTÓBER

fim	3.10.2024	10:00 Heimaleikurinn	7.-10.bekkur					[Red]		
fim	3.10.2024	13:00 Addamsfjölskyldan	7.-10.bekkur					[Red]		
þri	8.10.2024	10:00 E.T. Girl Picture	5.-8.bekkur	7.-10.bekkur					[Green]	
þri	8.10.2024	13:00 The Zone of Interest	8.-10.bekkur						[Red]	
fim	17.10.2024	10:00 Andri og Edda verða bestu vinir	1.-4.bekku	[Red]						
fim	17.10.2024	13:00 Fantastic Mr Fox	5.-7.bekkur					[Blue]		
þri	22.10.2024	10:00 Addamsfjölskyldan	7.-10.bekkur					[Red]		
þri	22.10.2024	13:00 Núll og Nix	7.-10.bekkur					[Red]		

VETRARFRÍ OG BARNAKVIKMYNDAHÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS**NÓVEMBER**

þri	5.11.2024	10:00 Kirikou og villidýrin	1.-4.bekku	[Red]						
þri	5.11.2024	13:00 E.T.	5.-8.bekkur						[Red]	
fim	14.11.2024	10:00 Vélmennadraumar	3.-7.bekkur		[Red]			[Blue]		
fim	14.11.2024	13:00 Capernaum	9.-10.bekkur						[Red]	
þri	19.11.2024	10:00 Heimaleikurinn	7.-10.bekkur					[Red]		
þri	19.11.2024	13:00 Addamsfjölskyldan	7.-10.bekkur					[Red]		
fim	28.11.2024	10:00 Á flótta The Zone of Interest	6.-9.bekku	9.-10.bekkur					[Green]	
fim	28.11.2024	13:00 Girl Picture	7.-10.bekkur					[Red]		

DESEMBER

þri	3.12.2024	10:00 Fantastic Mr Fox	5.-7.bekkur						[Red]
þri	3.12.2024	13:00 Girl Picture	7.-10.bekkur						[Red]
þri	10.12.2024	10:00 Núll og Nix Andri og Edda verða bestu vinir	1.4/7.-10.b	[Red]					[Green]
þri	10.12.2024	13:00 E.T. Vélmennadraumar	5.-8.bekku	3.-7.bekkur					[Blue]

JÓLAFRÍ

[Red]	Hentar viðkomandi aldurshópi
[Blue]	Getur hentað
[Green]	Tvær myndir sýndar á sama tíma



KVIKMYNDIR

VÉLMENNADRAUMAR – Ævintýri, teiknimynd, vísindaskáldsaga, New York, níundi áratugurinn, vélmenni, einmanaleiki, vinátta, aðskilnaður, sorg og gleði, 3.-7. bekkur.

KIRIKOU OG VILLIDÝRIN – Ævintýri, teiknimynd, hugrekki, markmiðasetning, lífsleikni, þjóðsaga frá Afríku, 1.-4. bekkur.

FANTASTIC MR FOX – Stop motion, ævintýri, spenna, fjölskylduvandamál, barátta gegn ofurefli, hugrekki, 5.-7. bekkur

ANDRI OG EDDA VERÐA BESTU VINIR – Leikskólinn, vinátta, samstaða, ævintýri, hjálpsemi, jákvæðni, markmiðasetning, 1.-4. bekkur

NÚLL OG NIX – Indland, erfitt samband mæðgna, fátækt, draumurinn til að læra, barátta fyrir betra lífi, kærleikur, markmiðasetning, sorg og gleði. 7.-10. bekkur.

CAPERNAUM – Líbanon, börn á flóttu, vandamál flóttamanna í dag, að komast af, lífsleikni, samstaða, markmiðasetning, hugrekki, 9.-10. bekkur.

HEIMALEIKURINN – Íþróttir, grín, spenna, fjölskyldumynd, markmiðasetning, hugrekki, samstaða, hugljúf, leikstjóri viðstaddur sýningu, 7.-10. bekkur.

E.T. – Bíóklassík, geimverur, vísindi, skilnaður foreldra, einmanaleiki, vinátta drengs og geimveru, hugljúf, kærleikur, upprisan, 5.-8. bekkur.

GIRL PICTURE – Finnland, skammdegið, þroskasaga þriggja stúlkna, Listdans á skautum, ástarsaga, grín, sorg og gleði, að fylgja sannfæringu, sjálfstæði, 7-10. bekkur.

THE ZONE OF INTEREST – Seinni heimsstyrjöldin, fjölskyldulíf á sögulegum stað, þöggun, nasismi, Auschwitz, mannkynssaga, sönn saga, óvenjulegur hljóðheimur, 8.-10. bekkur.

Á FLÓTTA – Seinni heimsstyrjöldin, yfirráð nasista í Noregi, börn á flóttu, andspyrnuhreyfingin, lífsleikni, markmiðasetning, samstaða, fjölskyldutengsl, 6.-9. bekkur.

ADDAMSFJÖLSKYLDAN – Gamanmynd, óvenjuleg fjölskylda, svik og prettir, spenna, falinn fjársjóður, hrekkjavaka, 7.-10. bekkur.

SKRÁNINGAR: oddnysen@gmail.com

Vefsíða: [Kvikmyndafræðsla grunnskólanna](http://Kvikmyndafræðsla.grunnskólanna.is) í Bíó Paradís

